það á sér og stað, að frsm. í mikilsháttar málum telji ekki ástæðu til að fjölyrða um þau í þessari d., þau sem umr. um þau í hinni deildinni hafi verið ákafar og ítarlegar og þm. úr báðum deildum hlustað á þær, svo var t.d. um sambandslögin 1918.[1] ~~Það~~ Það á sér og stað, að forseti deildarinnar beiti þessari viðleitni?[2] Þá er það og altítt, að ræðumenn vitni til þess í annari deildinni, sem hann hafi sjálfur sagt í hinni og telji óþarft að endurtaka það,[3] og hefur hann þá stundum þann formála að margir þm. úr ~~Ed.~~ b.d. hafi hlustað á sig.[4] Stundum, er rh. vitnar til umr. í ~~Nd.~~ hinni deildinni, er því ~~þó~~ þó mótmælt, og t.d. sagt, að ekki stoði að vísa í Nd. til umr. í Ed., vegna þess hve þm. í Nd. hafi mikið að gera, svo að þeir geti ekki lesið umr. í Ed. jafnóðum og þær sé skrifaðar og hrein tilviljun sé, ef þm. úr Nd. hafi tækifæri til að hlusta á umr. í Ed. Þm. í Nd. fái því yfirleitt engar upplýsingar um það, sem gerist í Ed. Það sé yfirleitt hvimleiðast í ósiðum, að stjórnin haldi þeirri venju að tala aðeins fyrir frv. sínum í þeirri þd., sem þau sé lögð fram í. Alveg eins þurfi að skýra málið fyrir þeirri þd., sem síðar taki við frv.[5] Einnig kemur það fyrir, að rh. segir í annari d., að hann hafi heyrt öll rökin á móti máli sínu betur flutt í hinni deildinni, og sjái hann því ekki ástæðu til að svara nú, því að þýðingarlaust sé að tvíprenta það í Alþt. Þessu er þó þegar mótmælt, og það talið felast í deildaskiptingunni, að umr. um málin eigi að fara fram í b.d. og í annað skifti, þegar svipað er sagt af öðrum ræðumanna, þá er því svarað svo af þeim, er fyrir var rh. en nú er alþm., að þótt eitthvað hafi verið sagt í Nd. áður, þá sé jafnnauðsynlegt að segja það í Ed., því að þm. í ~~Ed.~~ Ed. hafi alls ekki altaf tækifæri til að hlusta á umr. í Nd. og ekki sé hægt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að ganga út frá, að stj. hafi svo bundið atkv. sinna manna í Ed., að þeir geti ekki lengur hlustað á skynsamleg rök og tekið þau til greina!

Svo sem sjá má af framansögðu þykir það misjafnlega heppilegt að vitna til ummæla í hinni d. eða Sþ., en yfirleitt er ekki fundið af því af forseta og oftast látið óátalið einnig af þm. Kemur það m.a.s. fyrir, að athugasemdalaust er t.d. í Nd. talað um og sögð vanhugsuð till. framborin í Ed. um áhyggjum Ed. einnar². Og í Nd. er því einnig t.d. brugðið oftar en einu sinni, hvað líti störfum bjórbréfanefndar Sþ. og m.a.s. skorað á forseta Nd. að beita sér fyrir því, að n. færi að starfa og segist forseti skulu tala við formann n. og bera honum orð þm. þess, er áskorunina bar fram.³ Er þó stundum fundið að því, að í annari d. eða Sþ. er þannig minnst á mál, sem alls ekki eru þar fyrir, en liggja fyrir í hinni d.⁴ Slíkt hefur þótt óviðeigandi, að hafa áminningarorðum um aðra hvora þd. eða einstaka þm. hennar í hinni, og sýnist þó meira hafa verið talið til þess áður heldur en á síðari árum.

Þannig kemur það fyrir 1885, að í umr. um takmörkun á sölu áfengra drykkja, finnur margir þm. að því í Nd., að Ed. skyldi hafa samþykkt svo fráleitt frv., og kveður Egill Egilsson einna fastast að orði, þar sem hann segir, að Ed. fái annan blæ í mönnum augum, en hann hefði óskað eftir að hafa komið með slíkt frv. Alþt. 1885 B. 146-151. Á næsta fundi Nd. biður forseti menn, vegna ummælanna deginum áður að gæta hófs í orðum sínum um það, sem fram hefur farið í Ed., því að þótt sumum kunni að þykja ástæða til áfellisdóms að ýmsu til, þá sé æskilegt vegna samvinnu innan ~~deildanna~~ sama þingsins, að hvor deildin sýni hinni virðingu. B. 165.

Þá ~~þannig~~ hringir t.d. forseti Nd. á Skúla Thoroddsen 1891, þegar hann segir, að það hafi sýnt sig þá um sumarið, að Ed. væri all óheppilega mönnum skipuð, en ekki hafi hikað við að fella hvert frv. eftir annað fyrir Nd. og einmitt þau mál, sem fram hafi verið borin í Nd. eftir margítrekuðum óskum og kröfum þjóðarinnar og miða til að fullnægja þörfum hennar. En forseti hafði hringt að þessum ummælum loknum, og kom Skú. Th. enn við og segist ekki hafa sagt annað en það, sem satt sé og öll íslenska þjóðin muni taka undir með sér. Ed. hafi sýnt að hún skilji ekki eða vilji ekki skilja, hvað til friðar og farsældar þjóðarinnar heyri. Síðan rís Lárus Halldórsson

1) Alþt. 1925 B. 3035, 3036, 3044, sbr. Alþt. 1930 B. 1859, 1865.

2) Alþt. 1915 B. III 1948

3) Alþt. 1928 B. 35-36.

4) Alþt. 1928 ~~Alþt~~ B. 243.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

upp og mótmælir ummælum Sk. Th. um Ed. og segir m. a., að Nd. hafi og fellt frv. fyrir Ed., svo að það sé kaup kaups.[1] Hinsvegar er ekki að því fundið, er Sk. Th. segir 1893, að Ed. hafi fellt ákv. frv. 1891, og hafi örlög þess orðið hin sömu sem ýmissa annara mannréttinda mála í Ed. þá, því að skipun Ed. hafi þá ekki verið sem ákjósanlegust[2]. 1895 ámæmir þar á móti forseti Nd. Guðlaug Guðmundsson um, að hafa ekki slík orð um Ed., en G.G. hafði sagt um frv. eitt, að það væri eitthvert það óþarfasta og vitlausasta frv., sem komið hefði frá Ed.[3], [illegible] Á sama þingi segir Benedikt Sveinsson, [í Nd.] í máli, sem hann var mjög ósamþykkur meiri stöðu Ed., að hann viti, að það eigi ekki við að tala hér eitt einasta orð um Ed., en hann geti þó ekki bundist því að segja: Meðferð Ed. á þessu máli er óviðkomandi Nd. Hún hefur ákveðið á einum gerðum fyrir sig, og það getur ekki afsakað Nd., þótt Ed. hafi misséð í þessu máli.[4] Nokkuð annars eðlis eru ávítur til Ed. í heild, [í Ed. sem flutt] fram komnar 1912 í Nd., vegna þess að Ed. hafði og E samþykkt frv. um aðflutt efni og lá fyrir Nd. viðvíkjandi skattamálum. Í þessum umræðum falla þó mótgandi ummæli til Ed. um afgang við Nd., en ekki sést forseti hrekja aths. við það, en ráðherra, Hannes Hafstein, sem var að vísu einnig hafður fyrir sökum, vísar hinum mótgandi ummælum um Ed. til baka.[5] 1913 ber Lárus H. Bjarnason fram við umr. í Nd. ávítur til meiri hl. Ed. og sérstaklega ákvæðis frv. þar fyrir fylgi við ráðherra, Hannes Hafstein. H. H. segir ósannlegt að nota anni mikils metinn þar annarar deildar, sem ekki sé viðstaddur, og telur slíkt ekki eiga að líðast átölulaust. L. H. B. bendir réttilega á, að fjarstaða sé, að hann hafi gert þetta, enda hafi forseti ekki tekið fram í út af því.[6] 1912 vítti Sigurður Stefánsson [illegible]

1) Alþt. 1891 B. 1541-1542, 1545.

2) Alþt. 1893 B. 587

3) Alþt. 1895 B. 1580.

4) Alþt. 1895 B. 1417.

5) Alþt. 1912 B III 1022-1056.

Sjá 1912 hér á eftir.

6) Alþt. 1913 B. 2403, 2409, 2411, 2406.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meðferð hennar á ákveðnum málum. Telur hann um „Bakkabræðrasamþykktir“ og „Bakkabræðra háttalag“ hennar og ófélagslegt athæfi hennar. Hún hafi sýnt slíka „fólsku“, sem „ekki hafi þekkst fyr í sögu þingsins“. Hún hafi „unnið út þessu þinghelgi“ og samþykkt rökst. dagskr., sem sé líkust því, að vera samin á Kleppi en í Nd. Hann biður hamingjuna að hjálpa þinginu, ef það eigi að vera til að efla samvinnu á milli deildanna, að þær beiti hvor aðra og mál þau, er þær hafi með höndum „slíkum þrælatökum og frekju“. Segist ekki greiða atkvæði „með þessum óskapnaði, þessari svívirðing, er hefur rekið hér inn hausinn“ þegar hér var komið blæs Lárus H. Bjarnason þm. í Nd. í Nd. [illegible]. Segir S. St. þá, að þeir þm. eigi heiðrið, sem sé þættirnir í og þannan að elska þessari svívirðingu, er málið alt og meðferð þess varði þeim lífs og liðnum til háborinnar skammar og svívirðingar, en sá hlæi best, er síðast hlæi. Segir Nd. hafa sýnt í allri framkomu sinni lubbalegustu framkomu, sem til sé á þingi í nokkru máli. Segist hafa viljað láta það sjást skýrt og greinilega, hvernig hann og fleiri þm. líti á háttalag Nd. og þá ósvinnu, er rekst hafi þar í þessu máli og enda fleirum á þessu þingi. Engum atkv. hvorki af forseta né öðrum er hreyft í Ed. út af þessum ummælum.[2] En er mál þetta kom aftur til Nd. segist L. H. B. vilja minnast „hofsamlegra ummæla“ Sig. St. um Nd. í sambandi við þetta mál til þess að þau séu ekki með öllu óþökkuð. Telur rétt, að taka þann þm. alvarlega og þau „hundavorð“, sem hann hafi látið út úr sér, að viðstöddum forseta Nd. og fleiri þm. úr Nd. hafi ekki verið orð Ed. Framkoma hans hafi ekki einungis verið óprestsleg, heldur og gersamlega ósæmileg hverjum mentuðum þm.[3] 1915 segir þm. í Ed., að þess að sé fundið, að hér „spilling“ [illegible]

1) Alþt. 1912 B. II 241–242.

2) S.st. 242–244.
Á þingi 1914 vítir Sig. Stef. all[illegible] Nd.-þm. fyrir drátt á málum. Segir S. St. mál. að meðferð Nd. á ákveðnum málum lýsi stöku virðingarleysi við annan aðila löggjafarvaldsins Ed. og við að leysa löggjafarstarfið sem best af hendi. Með slíku hljóti þingið að glata virðingu sinni og sé sorglegt af því lái þeim vitnis hvað að það sé landplága. Bendir því, að Nd. að hún sýni skeytingarleysi, lítilsvirðing og óverjandi sinnuleysi. B. II 393–396. Þetta ekki vítt af forseta en Kristinn Dan. telur hann hafa verið nokkuð harðorðan þar sem enginn þm. úr Nd. hafi verið inni í Ed. B. II 400–2.

3) Alþt. 1912 B. III 746. Sig. Stef. svarar þá hv. Nd.-held í átt að geta verið við í Ed. þannig að hún gæti svarað. B. II 404.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

talli ekki í sætum sínum.[1] Á sama þingi er í máli Ed. mjög vægilega fundið að því, að Nd. hafi dregið mál, en er til umr. hennar sjálfrar ... skýringu, sem virðist eiga að vera til afbötunar Nd.[2] 1919 segir Guðjón Guðlaugsson, að samþykt tillagnanda fyrr. í Nd. sýni, að nú séu tiltölulega fleiri heimskingjar í Nd. en verið hafi, og er engin athugasemd gerð við þetta.[3] Ekki er heldur fundið að því, þótt Magnús Guðm. segi í Nd. drátt Ed. á máli gersamlega óviðunandi.[4] 1920 talar þm. í Nd. um stefnuleysi Nd. sem átt þess þá, að frv. varð ekki að lögum á þinginu næsta áður. Atvinnumálaráðh., Sigurður Jónsson, sem er Ed. maður, mótmælir þessu og segir afdráttarlaust óþarft að brigsla Ed. um trassaskap.[5] Aftur á móti er því látið algerlega ómótmælt, er þm. í Nd. 1923 vítir Ed. fyrir að hafa flaustrað máli af 1922.[6] 1925 er því látið ómótmælt þótt sagt sé í Ed., að öll stærstu deilumál þingsins hafi „flækst" í Nd. mestan hluta þingtímans.[7] Svo er og engum andmælum hreyft 1927 þótt sagt sé, að Nd. frv. hafi verið óhæfilega lengi í Ed.[8] 1928 talar forsrh. Tr.Þ. í Ed. um óforsvaranlegt áhugaleysi vegna ... í Nd. og einnig er af öðrum fundið að till. þeirra í Ed. en till. þeirra varðar eingöngu af þá... þoll. en ekki vikið að því, að óviðeigandi sé að gera afstöðu þeirra að umtalsefni í Ed.[9] Síðan svarar annar þessara þm. rh. í öðru máli í Nd. og vítir, að rh. skuli hafa ráðist á sig við umr. í Ed. og telur, að drengilegra hefði verið að gera það í Nd., þar sem hann hefði getað borið hönd fyrir höfuð sér. Rh. telur þar á móti hér um engan ódrengskap að ræða, því að til þessara orða í Ed. hafi alveg verið gefið sérstakt tilefni, enda geti þm. svarað fyrir sig, hvenær sem er.[10] Svo sem sjá má af þessum dæmum, er talin hafa verið hér að framan, er það nokkurt óvenjulegum ... ekki sem ... Nd. 1929 segir ...

1) Alþt. 1915 B. II 170.

2) Alþt. 1915 A. 534, B. II 284. Hinsvegar segir þm. í Nd. á sama þingi, að sig langi til að fara nokkrum orðum um Ed. út af ákvæðinu samþykkt hennar, en þar sem hún sé ekki við, ætli hann að spara sér að skamma hana í þetta sinn. Einar Jónsson. Alþt. 1915 B. III 464. 1917 kemur í ljós þykkja Ed.-manna yfir óþarfa orðum, sem í Nd. hafi verið beint til Ed. Alþt. D. B. 595, Jóh. Jóh. 598.

3) Alþt. 1919 C. 868

4) Alþt. 1919 B. 783-785.

5) Alþt. 1920 C. 138-~~139~~140.

6) Alþt. 1923 B. 374.

7) Alþt. 1925 B. 3048

8) Alþt. 1927 B. 3249. Frsm. í Nd. Þorleifur Jónsson, svarar því einu um í Nd. vissum ummælum í máli, Ed.m. og segir m.a. að hafa óviðfeldið sé að hefta því fram vafalaust í annarri deildinni, sem megi verða til óvirðingar hinni. B. 1535. Alþt. 1927.

9) Alþt. 1928 B. 3449-3458. Við aðra umr. fjárl. í Nd. 1928 víta nokkrir þm. Ed. mjög fyrir afgreiðslu hennar á málinu, sbr. Pétur Ottesen B. 1243, 1246-7, Haraldur Guðmundsson B. 1251-1252, 1324 og Jörundur Brynjólfsson, B. 1253-1254. Magnús Kristjánsson svarar þessu m.a. svo, að það hefði ó... leg ... hjá sumum þm., þar sem þeir ... upp með ... á Ed. ... Nd. standi ekki yfir Ed. svo að ástæðulaust sé að deila á Ed., þótt hún leyfi sér að hafa sínar skoðanir um málin. B. 1276-7. Þ.Ott. mótmælir því, að nokkur kröfu hafi verið hafðar í frammi og segir þá hafa fundið að gerðum Ed. á kurteislegan hátt. B. 1316.

10) Alþt. 1928 B. 996-977-979

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við eina umr. fjárl. í Nd. 1929 bera sumir þm. Ed. á brýn hlutdrægni í meðferð fjárl.frv. sbr. einkum Jón Sigurðsson B. 2030-2031 og Jóhann Jósefsson B. 2037. Við eina umr. í Ed. segir Jón Baldvinsson, að full ástæða hefði verið til að andmæla sleggjudómum um sig og aðra, sem fram hafi komið í Nd., en slíkt væri óviðkunnanleg aðferð, því sem þá mundi vitnað á menn, sem ekki áttu kost á að bera hönd fyrir höfuð sér. B. 2050, en sjálfur hafði Jón þó fyrr á þinginu vítt Nd. fyrir óheppileg vinnubrögð við fjárl. B. 1770-1771.

1) Alþt. 1929 B. 970 sbr. 972.

2) Alþt. 1930 B. 1347-1348, 1351. Í Nd. 1930 varð eina umr. fjárl. eru viðhöfð mörg og mjög hörð ámælisorð til Ed. fyrir meðferð hennar á fjárl.frv. árið þess, þótt sjáist, að af því sé fundið, að slíkar aðfinningar séu óformlegar. Alþt. 1930 B. 1060-1119.

3) Alþt. 1930 B. 2070

4) Alþt. 1930 B. 2064.

Jörundur Brynjólfsson (varaforseti). Héðinn Valdimarsson víkur, sem sé, í ræðu í Nd. heldur óvinsamlegum orðum, að ákveðnum þm. í Ed., þó ekki sem þm. heldur embættismanni. Væntanlega vegna þessara ummæla Hj.V. beinir forseti því, að þm., að þeir gæti þess að við hafa ekki í ummælum sínum ásakanir eða orð til áfellis þeim mönnum, er ekki eigi sæti í d. og gæti þess vegna ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Nokkuð í samræmi við þetta er það, er þm. í Nd. 1930 gagnrýnir úrskurð forseta í Ed. á við áður, en segist þó ekki skulu gera hann að umræðuefni, þar sem sá forseti, er úrskurðinn feldi eigi ekki sæti í Nd.[1] Ekki er þó alltaf því þá að d. eigi að segja hvor annarri eða þm. í þeim þvílíka hlýju, því að 1930 skoraði sjálfur forseti Ed. á þm. Ed., að gefnu tilefni, að taka ekki upp þann sið, sem tíðkast í Nd., að ræða um alt annað en það, sem sé á dagskrá. Slíkt mundi spilla mjög því áliti, sem Ed. hafi átt skilið hingað til.[3] Ennfremur grípur þm., sem á sæti í Ed., fram í fyrir þm. í Nd. 1930 og segir hann fara með „lygi". Sá er gripið er fram í fyrir bendir strax á, að þessi þm., er ekki eigi sæti í Nd., hefði sér að við hafa þetta orð. Heldur hinn þá áfram og segir Nd.-þingmanninn hafa gripið fram í fyrir sér á svipaðan hátt í Ed., en þá hringir forseti á hann, og Nd.-þm. segir þetta ósatt og skorar á forseta að vísa þessum Ed.-manni út, ef hann hafi ekki setið á strák sínum.[4] Er mál þetta kemur til Ed., heldur umræddur Ed.-þm. all-langa svarræðu til þm. í Nd. Segir það að vísu ekki venjulegast að svara þannig orðum, sem fallið hafi í hinni d., en slíkt eigi þó ekki síður að vera réttlætanlegt en að svara orðum, sem fallið hafi utan þings, en slíkt sé títt. Segist hafa sagt Nd.-þm., en hann svarar, að hann mundi ... svara honum ef hann vildi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29

1) Alþt. 1930 B. 2067–2070.

2) Alþt. 1932 C 192

3) Alþt. 1932 B. 391–392.

4) Alþt. 1933 (vor) B. 2872–2873.
Á síðari árum hefur það jafnvel fyrir, að forseti annarar deildarinnar beinlínis lýsti, hvenær hann hafi dregið tafið þingstörfin og dregið þingið á langinn. T.d. forseti Ed. 1923 B. 1984 og 1925 B. 3354.

Sbr. ennfremur Alþt. 1895 A 44–46.

hafi á [illegible]
lega það, er hann [illegible]
fm. í Nd. 1932 talar Jón Þorl. um það í Ed., að síðarihluta [illegible] forsetaskr. hafi hann verið „fengin til" að [illegible] hrinda upp og sé hann vegna sagt, ekki byggðum á neinum rökum.[1] Út af þessu er engum aths. hreyft, og átti þó þessi forseti sæti einmitt sæti í Ed.[2] Heldur er ekki hreyft neinum andmælum gegn ummælum Bjarna Ásgeirssonar á sama þingi, um að Ed. hafi sagt þarna í máli ...[3] 1933 deildi Jón Baldvinsson í Ed. á stj. og flokka hennar fyrir slælega afgreiðslu þingmála. Forseti: Guðm. Ól. segir Jón Bald. eiginlega hafa byrjað með því að deila á Nd. „en það að fundur [illegible] get og ekki séð, að sverti okkur hér."[4] Þótt ummæli þessi sé nokkuð óljós virðist eftir samhenginu réttast að skilja þau svo, að Ed. sé að mestu sýkn saka um drátt mála, og [illegible] þó ekki að víta Ed. fyrir drátt Nd. þótt hinsvegar megi gjarnan finna að Nd., ef átt er til. Af þessum dæmum ætti það að vera ljóst, sem áður var sagt, að nokkuð hefur það hreyft, hve hvor deildin menn hafa mátt vera í annari d. um hvað til þess, að að væri fundið, og sýnist hin vægari venja síðari ára vera betri en hin strangari, sem áður ríkti.

11. Yfirleitt er það svo, að ef mál er komið fyrir aðra deildina, þá er það tekið og rætt þar, eftir því sem best hentar fyrir starfshætti þeirrar deildar [og það þó ekki að taka tillit til hinnar], enda er ekki að neinu leyti sinnt þm. í b.d., a. ö. l. en [illegible] 1874 34 [illegible]

Um forseta eða þá þó all oft hreyft, að [illegible] það sem forseti um sama efni átaðir að taka tillit til hinnar d. sé átt að taka tillit til þess að með forseta í þessari [illegible]
Sbr. t.d. Alþt. 1877 II 409–410, 1885 A. 171–173, 1886 A 56, B 341–342, 1887 A 63–64, 1913 C. 169, 1915 III 1583, 1929 2589–2593, 1930 [illegible] 987, 1933 [illegible] B. 2875. [illegible] að deildirnar [illegible] því þó at. [illegible] mál því t.d. [illegible] 77, 241, 88, 94

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráðherra skv. stjskpl. 1903 § 10, og stjskr. 1920 § 47 eiga rétt á að taka þátt í umr. í b.d. og Sþ. En atkvæðisrétt eiga landskjörnir og þm. aðeins í þeirri d., sem þeir eiga sæti í, sem alþm. og ef þeir alls ekki eru alþm. eiga þeir ekki atkvæðisrétt. Vegna þess að þessir menn eiga störfum að gegna í b.d. getur stundum staðið svo á, að fundir deildanna rekist á, svo að þeir geti ekki mætt nema á öðrum staðnum; og því t.d. orðið að fresta máli af þeim sökum. Þetta var ein m.a. ástæðan fyrir því, að ráðherrum var fjölgað, ~~en~~ einnig eftir fjölgun þeirra hefur slíkur árekstur ~~þetta~~ iðulega átt sér stað.[x] En það hefur ekki óaðlilegt (?), þar sem ráðherrar ~~(eiga)~~ hafa afmarkað starfsvið og eiga auðvitað hver að gegna störfum sinnar stjórnardeildar og engan veginn inn í störfum hinna deildanna. Stundum kemur það þó fyrir, að rh. hefur uppi svörum fyrir annan ráðherra, vegna þess að sá er bundinn í hinni deildinni[1] ~~Tíðara~~ flutt. einnig oft. en þó, að máli er frestað vegna þess, að rh. er bundinn í hinni deildinni[2], stundum og er það m.a.s. stundum gert á þann hátt, að rh. verður að hætta í ræðu sinni, vegna [illegible] atkvæðagr. í hinni d. og fundi frestað þar af leiðandi[3]. Stundum láta ráðamenn sér nægja að fresta umræðum sínum til atkvæðis rh. meðan hann er bundinn í hinni d. en snúa sér svo strax að honum, er hann kemur í deildina[4].

Stundum er og fundið að því og það vítt, að rh. er ekki viðstaddur umr. í annarri hvorri deildinni, þótt upplýst sé, að hann sé bundinn í hinni[5], og það jafnvel þótt t.d. fjármálaráðherra sé þar við fjárlagaumr.[6] Afsaka ráðherrar sig þá stundum með því, að þeir megi ekki vanrækja störf sín í þeirri deild, þar sem þeir eigi atkvæðisrétt.[7] Enda hafði forseti Ed. 1919 lýst yfir því „í eitt skipti fyrir öll“ að þegar þeir rh., sem sæti eiga í Ed. þurfi að vera viðstaddir umr. í Nd. þá líti hann svo á, að Nd. [illegible] að fresta því máli, þegar þeir

x) T.d. Alþt. 1924 B. 1214, Alþt. 1928 B. 1859, Alþt. 1930 B. 546, 1111, Alþt. 1931 (vor) 88, Alþt. 1932 B. 1532, 4158, og [illegible] oft.

1) T.d. Alþt. 1927 D 574, Alþt. 1929 B. 2948-2949, B 1045-1046

2) T.d. Alþt. 1923 B. 1639, Alþt. 1925 B 717-718, Alþt. 1926 B 876-878, Alþt. 1930 D. 211, Alþt. 1930 D 273-276, Alþt. 1933 D. 304

3) Alþt. 1927 B. 2323

4) Alþt. 1929 B. 628

5) T.d. Alþt 1925 D 686, Alþt. 1931 (sumar) D 198

6) Alþt. 1927 B. 2416.

7) Alþt. 1923 B. 749, 769-770, 753, 773-774 og Alþt. 1928 B. 1274, 1314, 1318

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alþt. 1919
I/B. 1018–1019

heiml. að vera við atkvgr. í Ed. og gegna þannig skyldu sinni í Ed. Þegar þannig stendi á eigi ekki að fresta máli í Ed. Einn rh. hafði áður mótmælt, að atkvgr. hefði ekki verið frestað í Ed., en ~~..~~ óskar þá annar rh. eftir því, að forseti geri rh. aðvart, er þeir sé í Nd., og greiða eigi atkv. um mikilvæg mál í Ed., og segist forseti vera vanur að gera það.[1] Ekki mun þeirri venju þó altíð hafa verið fylgt, sem forseti Ed. vildi þarna stofna til, enda er í sumum tilfellum erfitt eða ómögulegt að hafa ósveigjanlegar reglur, heldur verður að fara eftir atvikum hverju sinni.

B. Um löggjafarstarfsemi þingsins.

1. Reglulög lög. Um venjuleg lög, þ. e. a. s. önnur l. en fjárlög og fjáraukalög, gildir það, að hvor deildin um sig á frumkvæðisrétt að þeim, stjskr. 1874 § 21 og stjskr. 1920 § 34, og segir svo í fyrri stjskr.: „Hvor alþd. um sig á rétt á að stinga upp á lagaboðum", og í þeirri síðari: „Hvor d. hefur rétt til að bera fram — — frumvörp til laga — —". Í þessu felst vafalaust, að hver þm. geti borið upp frv. til laga í þeirri þd., sem hann á sæti í, [Bet... ...] sbr. þskp. 1875 § 11 og þskpl. 1876 § 11. Þm. getur borið frv. upp, hvort hann vill heldur einn eða ásamt öðrum þm. í þeirri deild. Hinsvegar getur enginn þm. borið fram frv. í annari deild en þeirri, sem hann á sæti í, sbr. stjskr. 1874 § 38 og stjskr. 1920 § 51. Formlega er það því rangt, er t. d. „samvinnunefnd" flytur frv. í annari hvorri deildinni,[2] ~~...~~ verður að skilja þetta með þeim fyrirvara, að flutningsmennirnir séu þeir meðlimir samvinnun., sem sæti eiga í þeirri d., þar sem frv. er flutt, eins og oft hefur átt sér stað.[3] Sama máli gegnir um það, að n. í Sþ. getur ekki í heild borið fram frv. í annari hvorri d. heldur verður það að vera ~~...~~

Ath. frá vísna miðann á næstu síðu við.

2) Sbr. Alþt. 1922 A. 431–432, 440–441, 570–576.

3) Sbr. t. d. um þskp. frv. 1915, Alþt. 1915 A. ~~...~~ 831–845.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndarinnar, sem þar á sæti.[1] Er það og bersýnilegt, að ætilazt væri, að t.d. þeir einir meðlimir samvinnun. [?] nefnda í Sþ., sem ættu sæti í Ed., gætu borið fram frv. í Nd. Slíkar frv. ætti skilyrðislaust að vísa frá, eða alls ekki taka það á dagskrá.

En það eru ekki einungis þm., sem eiga frumkvæðisrétt að lögum, heldur er það og konungur, þ.e. ríkisstj., því að skv. stjskr. 1874 § 9 getur konungur látið leggja fyrir Alþingi uppástungur til laga og skv. stjskr. 1920 § 21 getur konungur látið leggja fyrir Alþingi frv. til laga. Skv. hlutarins eðli er konungur algjörlega óbundinn um það fyrir hvora deildina frv. eru lögð, og er það algerlega á hans valdi, að svo miklu leyti, sem stjskr. segir ekki annað, sbr. síðar. Að vísu gæta nýrðast einhverjar venjur um það fyrir hvora deildina frv. skuli leggja. Þannig hefur það þótt viðkvæmara og m.a.s. sögð þingvenja, að flytja stjórnarfrv. í þeirri deild, sem svarað hefur á stjórninni að undirbúa frv. En frá þessu hefur þó verið vikið að vild og er því ekki um neina bindandi venju að ræða, heldur getur stjórnin hagað þessu hverju sinni eins og henni best líkt.[2] Alveg sama máli gegnir um þá venju, sem sögð hefur verið gömul og föst, að flytja stj.frv. í þeirri deild, þar sem einn af semjendum frv. á sæti.[3] Ekki verður heldur talið, að stj. sé bundin við að flytja frv., sem hún einnig flutti á síðasta þingi, aftur í sömu deild. Getur þvert á móti oft staðið svo á, að hagkvæmt sé að leggja málið nú fyrir hina deildina, þar sem málið er óþekktara. Þessu er og hagað hverju sinni eftir því, sem þá þykir best við eiga.[4]

Þótt verður að ætla, að ráðherrar, aðrir landshöfðingi, eigi einnig frumkvæðisrétt að lögum, þótt ekki sé þeir þm., og þótt þeir ekki láti flytja frv. sín sem stj.frv. Alveg hliðstætt orðatiltæki er notað um þingsetu alþm. og þingsetu ráðherra, sbr. stjskr. 1874 § 14 „Á Alþingi eiga sæti 30 þjóðkjörnir alþm." o.fr.

1) Sbr. frv. sparnaðarnefndar Ed. 1922, er borin voru fram í Nd., og voru flm. þeirra einungis taldir þeir nefndarmenn, sem í Nd. áttu sæti. Alþt. 1922 A. 209, 213, 267.

2) Alþt. 1923 B. 1749, 1775, 1777, C. 1, 25
Alþt. 1924 61,

3) Alþt. 1921 B. 463-464

Sbr. t.d.
4) Alþt. 1927 B. 2876, Alþt. 1932 B. 1050, B. 1079, 1241 C. 634.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og § 34: „Landshöfðingjanum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á Alþingi“ – o.s.frv. Í stjskipl. 1903 § 4 stendur: „Á Alþingi eiga sæti 34 þjóðkj. alþm. – –“, og í 10: „Ráðherra Íslands á, sbr. embættisstöðu sinni, sæti á Alþingi – –“. Tilsvarandi ákvæði eru í stjskipl. 1915 § 7 og stjskr. 1920 § 46, sbr. stjskpl. 1934 § 1, og stjskr. 1920 § 47. Verður því að ætla, að landsh. og rh. hafi efnislega sama rétt á þingi og þm., að svo miklu leyti, sem ekki er gerð undantekning, sbr. ákv. um atkvæðisréttinn, en engin slík heimild er fyrirmæla til að svifta landshöfðingja og ráðherra fram kvæðisrétt- og þskpl. '15 § 20 og þskpl. '05 § 4 indum.

(sbr. þskp. 1875 § 11, þskpl. '76 § 11)

Engin höft eru lögð á það í stjskr., hvenær frv. skuli vera flutt. En ætla verður, að stjskr. heimili að setja nauðsynlegar reglur um þetta í þskp., þannig að sem best verði séð fyrir vandaðri meðferð frv. og komið í veg fyrir óþarfar tafir. Slík ákv. voru sett í þskpl. 1905 § 18, en giltu ekki áður, og síðan tekin óbreytt upp í þskpl. 1915 § 19. Skv. þessum ákv. verða þau lagafrv., sem borin eru upp af þm. sjálfum, þar með talin rh., hinsvegar gildir ákv. ekki um eiginleg stjfrv., og útbýtt er fjórum vikum eftir þingsetningu, því aðeins tekin til meðferðar í d., að meiri hl. þm. í þeirri d., sem frv. er borið fram í samþykki það. Neiti d. um samþykki er frv. fallið. Þessa samþykkis þarf þó eigi að leita, þegar um er að ræða frv. t.d. um brt. á stjskr. eða um breyt. á þskp. Alþingis.

Í stjskr. 1874 § 27, og stjskr. 1920 § 40 (sbr. þskpl. '15 § 20 og þskpl. 1934 § 5) segir, að ekkert lagafrv. megi samþykkja til fullnaðar fyrr en það hafi verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þd. Um lið meiri fyrirkomulag þessara þriggja umræðna í hvorri d. segir ekki frekar í stjskr., og er því heimilt að ákveða það í þskp., svo sem gert hefur verið.

Lagafrv. skulu samin í lagaformi og skal prenta þau og útbýta meðal þm. á fundi. Skv. þskp. 1875 § 11 og þskpl. 1876 § 11 skal þeim útbýtt 1 degi fyrr en þau verða tekin til fyrstu umr. Skv. þskpl. 1905 § 18 og þskpl. 1915 § 19 má hinsvegar eigi taka frv. til umr. fyrr en liðnar eru a.m.k. 2 nætur frá því, er því var útbýtt. Útbýting í þeirri deild, sem frv. er flutt í nægir, en er nauðsynleg.

Við 1. umr. skal ræða frv. í heild sinni, og skal að umræðum loknum leita atkv. um, hvort það eigi að ganga til 2. umr., þskp. 1875 § 12, þskpl. 1876 § 12, þskpl. 1905 § 20, þskpl. 1921 § 21. 2. umr. fer eigi fram fyrr en tveim nóttum (dögum skv. þskp. 1875 og 1876) eftir 1. umr. og skal þá ræða greinar frv. hverja fyrir sig og brtt. við þær. Ræða má frv. í köflum, eftir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atkv. um það, hvort frv., þannig lagað, eigi að ganga til þriðju umr. Sbr. þskp. 1875 §13, þskpl. 1876 §13, þskp. 1905 §21 og þskpl. 1915 §22. – Títt er, að máli er vísað til nefndar, að lokinni 1. umr. og liggur þá mál fyrir við 2. umr. Stundum er máli þó vísað til n. við 1. umr., þannig að henni er frestað og síðan haldið áfram, er mál liggur fyrir, en brtt. þó ekki komnar upp fyrr en við 2. umr. Þessi háttur var meira tíðkaður áður, en nú orðið má það heita föst venja í allflestum málum, að þeim er vísað til n. að lokinni 1. umr. [En sú regla hefur þó aldrei gilt, að vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess, þskp. 1875 §9, þskpl. 1876 §9, þskpl. 1905 §15, þskpl. 1915 §16, þskpl. 1934 §4. Þriðja umr. má ekki fram fara fyrr en tveim nóttum [eftir 2. umr. (dögum skv. þskp. '75 og '76) Þá skal ræða brtt. og greinar, er þær eiga við, svo og frv. alt í heild. Í þskp. '75 og '76 var forseta heimilað að láta ræða frv. í köflum, og er þeirri heimild að vísu slept úr þskp. 1905 og 1915 en væntanlega er forseta þó eftir sem áður heimilt að haga umr. svo, ef hann óskar. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkv. um brtt., og síðan um frv. í heild sinni, eins og það þá er orðið. Sbr. þskp. 1875 §14, [þskpl. 1876 §14] þskpl. [1905] §22, þskpl. 1915 §23.

~~Þegar~~ Þegar þannig er búið að samþykkja lagafrv. í annarri hvorri þd., skal það lagt fyrir hina þd., svo sem það var samþykt, stjskr. 1874 §28, stjskb. 1903 §9, stjskr. 1920 §41, og skal einnig ræða það þrisvar sinnum í þeirri þd., stjskr. 1874 §28, stjskr. 1920 §40. sbr. stjskpl. §7. Aðferðin við afgreiðslu frv. frá d. til hinnar síðari er, að deildarforseti hinnar fyrrnefndu d. sendir það forseta hinnar og mælist til, að hann leggi það fyrir deildina. Sætir það síðan þar hinni sömu meðferð og í þeirri d., er það kom frá, þskp. 1875 §15, þskpl. 1876 §15, þskpl. 1905 §23, þskpl. 1915 §24.

Var þessi núgildandi venja fyrst tekin upp í Nd. og tók Ed. hana eftir henni. Alþt. 1902 A. 181.

Brtt. verða ekki bornar undir atkvæði fyrr en við 2. umr. frv., jafnvel þótt þær komi fram undir 1. umr. ~~[illegible]~~ Þær ~~til að koma~~ við 2. umr. verður hafi að ætla að allir þm. deildarinnar hafi rétt til að bera fram brtt., og geta þeir gert það, hvort heldur út af fyrir sig eða fleiri saman og þá einnig n., en skv. því er sagt var um framkvæmdarvald rétt að lagafrv. hafa sem slík ekki samlegan samþykkinn. rétt t.a. flytja brtt. í annarri hvorri þd., ~~[illegible]~~ né heldur hafa n. í þd. rétt til slíks. Þá verður og að ætla, að landsstjórninni og síðan nh. hafi slíkan till.-rétt, þótt ekki sé beint í það bætt af þeim öllum.., leitt í það beint gert ~~[illegible]~~ er áður var sagt, [og sagt í '05 §30 og '15 §33] rætt fyrir því í þskp. '75 §14 og '76 §14. Skv. þskp. 75 §14 og '76 §14 má þar á móti við 3. umr. ekki bera fram brtt. af öðrum en nefnd, sem hefur haft málið til meðferðar, í heild eða af meiri eða minni hluta í nefndinni, af landsstjórninni eða af a.m.k. ⅓ hluta af þm. deildarinnar í sameinuðu (þ.e. í Ed. 4, í Nd. 8) skv. þskp. '75 en skv. þskp. '76 nægir, að það sé a.m.k. 3 þm. í Ed. og 6 í Nd., sem brtt. flytja. Þessar takmarkanir á heimild til að flytja brtt. um hverra orðum felldar niður með þskpl. '05 §30 og '15 §32.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með þessu er þó einungis átt við til-
(þar með taldir nauðsynl. frestir og atkvæðagreiðslna)
högun umræðnafjölda, enda takmarkar
orðalag stjskp. 1875 og stjskpl. 1876 sig
við það. Hinsvegar er ekki nauðsyn-
legt að setja frv. í nefnd í síðari
deildinni, þótt svo hafi verið gert í
þeirri fyrri, ~~Enda þótt það er sett í nefnd~~ og enn
þá síður er nauðsynlegt að gera það á
sama stigi málsins í báðum deildum.
En ef máli er vísað til nefnda í báðum
deildum, og því hefur verið vísað til
fastanefndar í fyrri deildinni og einnig
á að vísa því til fastanefndar í síðari d.,
þá skal vísa því til sömu nefndarinnar
í b. d. Þetta ákv. var sett með stjskpl.
1915 § 16 og tekið upp í stjskpl. 1934 § 41,
þó svo, að 1934 segir einungis, að
því skuli að jafnaði vísa til sömu
nefndar í b. d. og má það vafalaust breyta
út frá því eftir vild án þess afbrigða frá
þskp. þurfi að leita, þar sem slíkra
afbrigða vafalaust þurfti skv. l. 1915 § 16.

Ef frv. er samþykkt óbreytt í
síðari (~~[illegible]~~) deildinni sendir forseti hennar
ráðherra það, stjskp. 1875 § 16, stjskpl. 1876
§ 16, stjskp. 1905 § 23 og stjskpl. 1915 § 24. Ef
þar verða breytingar á gerðar, fer frv.
aftur á móti aftur til fyrri þd. Stjskr.
1874 § 28, stjskpl. 1903 § 9 og stjskr. 1920 §
41. Um þetta segir nánar í þskp., og
ákveða þskp. 1875 § 17, að ef síðari deildin
geri breytingar á frv. því, sem henni
hafi verið sent, þá skuli senda það aftur
eins og því hafi verið breytt til
þeirrar deildar, þar sem það fyrst var
borið upp. Ef málið hefur áður verið
rætt í nefnd, sendir forsetinn í þessari
deild nefndinni þegar í stað frv. það,
sem hann hefur tekið við. Eftir að
frv. í því formi, sem það hefur fengið
í hinni deildinni og álit n. um það er
prentað og því hefur verið útbýtt 2 dög-
um áður, skal taka það til umræðu
á þann hátt, sem fyrir skipað er
um 3. umr. lagafrv. Ef deildin felst
á frv. í því formi, sem samþykkt er í

landshöfðingja og síðan

Þó er þó hverjum þm. heimilt að gera ~~þessa brtt. við þessa síðari~~ breytingaruppástungur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinni deildinni, sendir forset: deildarinnar landshöfðingja það ~~[En sem deildin breytingar á því, sendir forsetinn það í hinni neðri þess hinni deildinni]~~ — Þessi ákv. eru óbreytt tekin upp: þskpl. 1876 § 17.[1] Í þskpl. 1905 § 44 segir þar á móti, að ef deildin breyt: frv. í smáu eða stóru, sendi forset: hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar. Skal nefnd fjallað um það þar, sendir forseti hennar það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru a. m. k. tvær nætur frá því, er frv., eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt, eða, ef um mál. er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frv. tekið til umr. í deildinni á sama hátt og áður við 3. umr. Ef deildin samþykkir frv. óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forset: ráðherra það. Þessi ákv. eru tekin að efni alveg óbreytt upp: þskpl. 1915 § 45. Svo sem sjá má, er hér að mestu hvergi um orðalags-mun að ræða á þessum ákv. þskp. '75 og '76 annarsvegar og '05 og '15 hinsvegar. ~~Nokkrar~~ Spyrja má, hvort máli eigi skift sú breyting, að í upphaf: gr. '05 og '15 segir, að frv. skuli senda til baka, ef því er breytt í „smáu eða stóru“, þar sem áður er hvergi talað um að neina slíkt skuli gert, ef breytingar eru gerðar. Auðsætt er, að síðari lagaboðin vilja leggja ríka áherslu á, að hvernig engar breytingar megi gera, án slíkt þess að frv. sé sent til baka. En það felst einnig í orðalaginu '75 og '76, svo og í stjskr. 1874 og e síðan og þarf þessarar áherslu því í sjálfu sér ekki við, enda virðist ekki hafa verið ætlast til að hér væri um efnisbreytingar að ræða, er þetta ákv. var sett inn. — Þá er feld niður heimildin fyrir hvern þm. að bera fram brtt. við eina umr. lagafrv. og er það ætli[illegible]

1) ~~Athgr.~~ Magnús Andrésson Alþt. 1905 B. 2875 sbr. A. 562.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meðdeildunum á því að flytja brtt. við 3. umr.

Ef nú d., þar sem frv. var flutt, gerir breytingar á frv. við eina umr. fer frv. af nýju til hinnar deildarinnar, stjskr. 1874 § 28, stjskpl. 1903 § 9, stjskr. 1920 § 41. Sendir þá forseti fyrri deildarinnar það í hinu nýja formi til hinnar deildarinnar, og er þá farið með það sem við eina umr. í fyrri deildinni. Fallist deildin á frv. óbreytt, sendir forseti ráðherra það. En verði því breytt, sendir forseti deildarinnar forseta Sþ. frv. og mælist til, að hann leggi það fyrir Sþ. (að það verði lagt fyrir Sþ., þskpl. 1905 og þskpl. 1915). Sbr. þskpl. 1875 §§ 17 og 18, þskpl. 1876 §§ 17 og 18, þskpl. 1905 § 24 (þ.e. með (að ...)) og þskpl. 1915 § 25. Um þetta segir stjskr.: „Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir Alþingi þá málið til lykta eftir eina umræðu", og er þetta alveg orðrétt í stjskpl. 1903 § 9 nema í stað „Alþingi" stendur þar „þingið". En í stjskr. er orðalaginu ögn vikið við, þótt meiningin sé alveg hin sama: „Nú ganga enn eigi saman, og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í Sþ." Sbr. þskpl. 1875 § 19 og þskpl. 1876 § 19 skal forseti Sþ. kalla saman b. d. þingsins og leggja frv. fyrir til einnar umr. í Sþ. í því formi, sem það hefir fengið við síðustu atkvgr., eftir að búið er að prenta það og því hefir verið útbýtt 2 dögum áður. Við þessa umr. er hverjum þm. heimilt að gera breytingaratkvæði, og fer um þær, sem brtt. í deildum. Eftir að búið er að ræða þær og frv. í heild lætur forseti ganga til atkv. Verði frv. samþykkt, skal forseti Sþ. senda landshöfðingja það; að öðrum kosti fellur það niður. Í þskpl. 1905 § 25 og þskpl. 1915 § 26 segir ...

Athr. um útbýtingu frv., sbr. ...

Um takmörk á efni brtt. sjá síðar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er það haldið síðast fengið, sé nú útbýtt meðal allra þm. og skuli lagt fyrir Sþ. til einnar umr. minnst 2 nóttum síðan. Við umr. skal fara eftir því, sem fyrir er mælt um 3. umr. og er þeim lokinni skal greiða atkv. um brtt., og síðan um frv. í heild sinni. Ef frv. er samþykt, sendir forseti Sþ. það rh. Ella fellur það niður.

~~[Um ákv. stjskr. 1874 § 28, stjskpl. 1903 § 9 og stjskr. 1920 § 41 viðvíkjandi annari öðrum og meiri kröfum til þáttöku]~~ Um lagafrv. kemur hin almenna regla stjskr. 1874 § 36 til greina, að hvorug þd. má gera ályktun um neitt, nema a. m. k. 2/3 þm. séu á fundi og greiði þar atkvæði. En í § 28 eru þau ákv. sett um Sþ., þegar það kemur saman til að útkljá lagafrv., að 2/3 úr hvorri deildinni um sig séu á fundi og eigi þátt í atkvgr. Með stjskpl. 1903 § 11 er ákveðið, að hvorug þd. megi gera ályktun um neitt, nema meira en helmingur þm. sé á fundi og er það í samræmi við það ákveðið í § 9, að meira en helmingur þm. úr hvorri d. þurfi að vera á fundi og eiga þátt í atkvgr. til þess að útkljá lagafrv. Þessi ákv. eru að því er hér varðar tekin óbreytt upp í stjskr. 1920 §§ 49 og 41. Skv. stjskr. 1874 § 28, stjskpl. 1903 § 9 og stjskr. 1920 § 41 ræður atkvæðafjöldi um einstök málsatriði lagafrv. í Sþ., og er það sama regla og telja verður gilda um allar atkvgr. í hvorri d., að svo miklu leyti, sem ekki eru sérstakar undantekningar. Hinsvegar má þar lagafrv. er hér um ræðir, ekki fullnaðarsamþykt, nema 2/3 atkv. þeirra, sem greidd eru séu með þeim, og er því eigi erfiðara að fá lagafrv. samþykt í Sþ. en í deildum.

Af framan er því ljóst, hver áhrif það hefur, ef frv. er breytt í síðari deildinni eða við eina umr. í annari eða báðum deildum. Skv. orðalagi stjskr. og þskp. er það ljóst, að lagafrv. á skilyrðislaust að ~~hvorki~~ ganga til hinnar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alþ. um og að er frv. frb. í Ed. er þar við 3. umr. frá hendi Hallgr. Sv. á ýmsar mál- og ritvillur og vísaði hann þeim til forseta hvort kom(a) þyrfti í með brtt. eða hvort leyft væri að bæta úr þessu á annan hátt. Forset. Árni Thorsteinsson taldi þessar brtt. að engu leyti vera efnisbreyt. heldur snerta að eins ytra form frv. og leggur hann til, að óhætt muni að laga þetta í prentuninni. A. 179–181.

1875 spyr Grímur Thomsen að því í Nd. um frv., sem komið var frá Ed., hvort ekki mundi vera leyfilegt, að gera óverulegar smábreytingar við frv., án þess að það gangi aftur til hinnar deildarinnar, kann vildi gjarnan gera nokkrar orðabreytingar við frv. en kvaðst þó hætta við það, ef það leiddi til þess að málið gengi aftur til hinnar deildarinnar. Forset. (Jón Sig.) svaraði þessu á þá leið, að ekki mundi mega neina breyting svo gera, að ekki yrði að bera undir hina deildina. Alþt. 1875 I s. 407–408.

1886 spyr forset. Ed. að því við aðra umr. frv. í Ed., hvort ekki muni óhætt að skoða sem prentvillu í frv., þar sem þar standi „flagvargi" í stað „flugvargi". Landsh. deildin í einu hljóði, að þetta skyldi telja prentvillu og var frv. afgreitt til þulls A. 230.

1) Alþt. 1894 A. 152, sbr. 183 og 657.

2) Alþt. 1894 A. 228–229, 233, sbr. 641, 161

Frv. t. l. um brt. á l. ag. l. nr. 13 frá 3/10 1884 31 byrjar svo: „Ef tekjur brandsins eru eftir — —" þetta frv. er frb. í Ed. 1895 og samþykkt svo þar (655 og 197), við 2. umr. í Nd. bendir Einar Jónsson á, að eðlilegra væri að hafa „brandsins" greinislaust. þetta sé aðeins orðabreyt., svo að ekki muni þurfa sérstaka brtt. f. a. á þetta. fram. Landsh. hafi talið óþarfa að láta málið ganga til Ed., þótt þetta væri lagfært. Ef menn teldi brtt. nauðsynlegar þá muni hún koma við 3. umr. B 371. Við 3. umr. kemur engin brtt. og sést ekki frekar í þetta minnst og frv. samþ. óbreytt B. 675–677 en í l. 36. 1895 31 er þetta lagfært.

deildarinnar eða Sþ., ef því er breytt, hvort sem breytingin er stór eða smá. Hér geta þó komið vafatilfelli. Þó sem alveg er ljóst, að óheimilt er að breyta frv. að efni, án þess að vísa því til hinnar deildarinnar. Hinsvegar má vafalaust leiðrétta hreinar prentvillur, sem slæðst hafa inn, og nánast leiðrétta málvillur, og varla heldur fella niður ákv., sem nú eru orðin meiningarlaus, en þriðja deildinni hefur láðst að fella brott. Venja í þessu hefur verið nokkuð reikul, svo sem þessi dæmi sýna: Á þingi 1894 ~~kom~~ benti Hallgrímur Sveinsson þá í Ed., hvort ekki mætti fella niður orð atkvgr. orðið „frá" sem stóð svo, að setningin þyrfti brot á lögunum skyldi vera „frá 20–200 kr." Taldi Hl. Sv. orðið óþarft og í ósamræmi við venjulegt orðalag á frv. þingsins. Forseta, Árna Thorsteinsson, virtist viðurhlutamikið að þessu væri breytt án þess, að sér stök brtt. kæmi fram. „Frv. er komið frá h. Nd. og verður naumast að geta þess, að það ekki breytist í meðferðinni hér, ef það ekki á að ganga aftur til Nd., enda þótt um óverulega orðabreyting sé að tala". Slík brtt. kom ekki fram, og var frv. samþykkt óbreytt.[1] Hinsvegar telur sami forseti á þessu sama þingi heimilt að leiðrétta stafvillu í frv. eins og það var samþykkt ~~og ætti villan verið frá upphafi~~ í Nd., sem prentvillu, og er það gert án þess málið fari aftur til Nd.[2] Gegn þessu virðist mér standa, sem forseta vera á við eftir, t. d. e. 1895. Þá er augljós stafvilla, sem e. t. v. má einnig skoða sem málvillu (en það mætti einnig um þá næstu á undan), í frv. frá upphafi, en það er flutt í Nd. Við 2. umr. í Ed. er því breytt hvort ekki megi skoða breytingar á þessu sem samþykkta án atkvgr., enda er talið eftir flm. frv. í Ed., að í frv. hafi átt að standa það, er nú er lagt til. Forseti telur hér ekki heimilt að breyta þessu öðru

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vísi en með atkvgr. Við næstu umr. bar þeim formlega brtt. fram og var hún samþ. og frv. síðan sent aftur til Nd. Sýnist hafið að samrýma þessa tvo síðast nefndu úrskurði. Þá má geta þess, að við aðra umr. frv. í Ed. 1918 benti frsm. á, að í frv. væri og það komið frá Nd. stæði eftir mgr., sem fella hefði átt burt vegna samþykktar brtt. við aðra grein frv. Mgr. þessi kom í beint í bága við þessa síðarnefndu grein og hefði því átt að vera sjálffallin og þessi brtt. var samþykkt, en gleymst hafi að fella hana niður, og skrifstofan hafi ekki talið sig hafa heimild til að breyta þessu „redaktionelt". Hitt sé, að mgr. þessi geri hvorki til né frá, en hún standi til stórrar óprýði í frv. og sé úrskurðar vottorð um hirðuleysi Nd. Taldi hann því, að forseti léti fella þessa mgr. niður við upp-prentun frv. Forseti, Guðmundur Björnsson, játar að telja hefði átt þessa mgr. sjálffallna. Mgr. sé nú gersamlega þýðingarlaus og meiningarlaus. Segist því munu leggja svo fyrir, að mgr. verði feld niður, er skrifstofan láti prenta frv. sem lög í Alþt. Var það svo gert[2]. Þannig sýnist hafa verið gengið nokkuð langt í breytingum þá er og á svipaðan hátt gerð leiðrétting í Nd. 1923 á frv. frá Ed., þar sem í 3. gr. frv. var ranglega vitnað til 7. gr. í stað 8. gr. Þessi villa var í frv. frá upphafi, en frsm. í Nd. benti á hana og óskaði að þetta yrði leiðrétt án þess að sérstaka brtt. þyrfti til þess, heldur skoðist það sem sett af vangá. Var þetta síðan leiðrétt án til Ed. kæmi aftur[3]. 1929 er í Ed. bætt inn í frv. um Búnaðarbanka Íslands ákv. um nýja deild: lánadeild fyrir smábýli í grend við kaupstaði og kauptún. Við það verða deildir bankans sex talsins í stað þess að upphaflega voru þær fimm. En við breytinguna gleymdist að bæta þessari nýju deild inn í upptalningu 3. gr. á deildum bankans. Við aðra umr. í Nd. kemur fram brtt. frá n. um að leiðrétta þetta í 83 [illegible]

1) Alþt. 1895. A 306, 356 sbr. C 214, 303, 344

2) Alþt. 1918 (sov) B. 927-928, sbr. A 517, 519-532

Og merkara er það, því að eftir á hefur verið felld úr frv. Nd. þessi umrædda mgr. [inn og það er prentað í Alþt.]

Á þingi 1919 er í Nd. flutt frv. til laga um [illegible]. Í 3. gr. A. III. 4 er talað um [illegible] Bakkakotsá í Ölfusi, og er þetta eins svo er frv. er samþ. í Nd. (A. 692 og 864) en við 2. umr. í Ed. flytur Eggert Pálsson brtt. um að leiðrétta nafnið í Bakkárholtsá, [illegible] upp á, að leiðrétta á skrifstofunni nafnið [illegible] kominn verði [illegible] að endursenda Nd. frv. og felst forseti á [illegible] sama [illegible] um orðréttingu að [illegible] (B. 1752-1753, sbr. A. 1057).

3) Alþt. 1923 B. 1168-1170, sbr. A. 51-52, 195-196 og 474-475.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þetta sé einungis sjálfsögð leiðrétting, sem skrifstofan hefði sjálf getað og mátt leiðrétta, og megi því leiðrétta þetta án þess að senda frv. á milli deilda. Var það og gert, því að brtt. við 3. gr. voru samþykktar án atkvgr., en frv. þvert á móti fyrir það afgreitt beint til ráðherra.[1] Svipað tilfelli kemur fyrir 1933. Þá er ákveðið í 19. gr. frv. til laga um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna og það var samþykkt við 3. umr. í Nd., að stjórn sjóðsins til 31. des. 1934 skipi 3 menn, og í 21. gr. er ákveðið, að lánveitingum úr sjóðnum skuli lokið fyrir 31. des. 1934.[2] Við 2. umr. í Ed. er 19. gr. gerð að 20. gr. og 21. gr. að 22. gr. og þessari síðari gr. breytt svo, að lánveitingum skuli ekki lokið fyrr en 31. des. 1935, en ákv. í 20. gr. um það, sem tímatakmarka viðv. skipun stj. sjóðsins til 31. des. 1934, látið óbreytt?[3] Við 3. umr. kemur fram brtt. við 20. gr., þar sem felldar eru niður þessi tímaákvæði um stjórn sjóðsins og skipun stjórnarinnar breytt. Þessi brtt. var felld.[4] Í umr. er einungis minnst á skipun stjórnarinnar en ekki tímaákvæðanna. Þegar frv. kemur til einnar umr. í Nd. segir framsm. þar, að 20. gr. hafi af vangá ekki verið breytt í samræmi við 22. gr. og viðurkenni nefndin í Ed. að þetta hafi orðið fyrir vangá. Spyr hann því forseta, hvort þetta megi ekki leiðrétta án þess, að brtt. sé borin fram, [þannig að seinast. stjórn verði til 31./12. '35]. Segir forseti: (Jör. Br.), að leiðrétta megi við endurprentun, þar sem yfirlýst sé, að það stafi af vangá, að ekki var leiðrétt í Ed.[5] Engin endurprentun fór fram á þskj. heldur er einungis vitnað í þskj. Ed., en þar var þetta rangt.[6] Í Stjórnartíð. er þetta hins vegar leiðrétt, sbr. l. 78. 1933 9. 20. 1. mgr. — Þessi leiðrétting virðist þó alt-hæpin, því að það getur vitanlega mjög vel staðist, að hin sérstaka stjórn [illegible] lát. af

1) Alþt. 1929 B. 256-259, 272-273, Sbr. A. 1115 og 1180.

2) Alþt. 1933 (vor) A. 1144

3) Alþt. 1933 (vor) A. 1276 og 1348 sbr. B. 2207

4) Alþt. 1933 (vor) A. 1353 sbr. B. 2208-2213

5) Alþt. 1933 (vor) B. 2213-2214.

6) Alþt. 1933 (vor) A. 1422 sbr. 1348

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stúdentum ári fyrr en ætlað hefði. Hvort slíkt er hyggilegt eða ekki, skiftir ekki máli, aðalatriðið er, að Ed. á hvað mest atkvæði að hafa þetta svo og þótt sumir Ed. menn eftir á sjái, að annað hefði verið betra er hæpið að telja að þar í felist heimild fyrir Nd. að breyta þessu án þess að gefa Ed. formlega kost á að láta sitt álit uppi. Hinsvegar verður ekki talið athugavert eftir ábendingu mína leiðrétting sú, sem 1932 var gerð, við eina umr. Nd., er bent var á, að við upprentun eftir 3. umr. í Ed. hefði skolast hvar viðbót, er samþykkt var, skyldi setja inn, þannig að henni var bætt annars staðar inn en [illegible] stóð í brtt., var þess óskað að þetta væri leiðrétt og framsetn. séð um það. Virðist það hafa verið gert, strax í prentun frv. eftir 3. umr. Ed. í Alþt. því í þeim er þetta rétt. Hér er um prentvillu að ræða, sem aldrei er samþykkt af þinginu og er því auðvitað, að skrifstofan getur leiðrétt hana eftir á, ef hún gerði, án þess brtt. þurfi að samþykkja eða senda þurfi frv. á milli deilda!

1) Alþt. 1932 B. 992-996, sbr. við A. 1261, 1300, 1314.

Annað mál er það, sem einnig kemur til greina um breytingar á frv., og það er, hvort einhver takmörk séu fyrir, hve mikið megi breyta frv. svo, að það verði kallað sama frv., þannig að um ræða-fjöldi frv. óbreytts geti einnig komið hinu breytta frv. til góða. Og ef talið verður, að svo miklar breytingar geti verið að ræða, að ekki verði lengur talið um sama frv. að ræða, þarf úr því að skera, hvar takmörkin eigi að setja. Svo þarf þá einnig að athuga, hvort heldur eigi að vísa slíkum róttækum brtt. frá, eða bera þær undir atkv. og viðhafa þá aðferð, ef þær eru samþykktar að líta svo á, sem frv. hafi einungis hlotið eina (þ.e. fyrstu) umr., þótt upphaflega frv. sé a.t.v. búið að ganga í gegnum 6 eða 7 umr. Um þessi atriði eru [illegible] þeim álv. í Alþingi [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur